

Þjónustuiðnaður

SI

Aukablað Íslensks iðnaðar

Júní 2006

Engin íslensk hönnunarverslun í Leifsstöð

sjá bls. 4-5



bls. 2

Þjónustuiðnaður er yfirskrift æði fjölbreyttrar atvinnustarfsemi

bls. 3

Tískuteymi SI með glæsilega sýningu í Garðabæ

bls. 6

Augnablik til framtíðar

bls. 7

Ánægja með faglegar og löglegar

bls. 8

Skemmtilegur og lærdómsríkur tími

Þjónustuiðnaður er yfirskrift æði fjölbreyttrar atvinnustarfsemi



Í skipulagi Samtaka iðnaðarins er sjö löggiltum iðngreinum skipað saman í starfsgreinahóp undir þessu nafni og á vegum hans er fjölbreytt starf unnið. Nýliðið er stórafmæli Ljósmyndarafélags Íslands, Meistarafélag í hárgreiðslu hélt stefnumótunarfund í maí og markaðsátak snyrtifræðinga á fullri ferð. Félög gullsmíða og úrsmíða hafa fengið reynda formenn til að taka að sér forystu að nýju. Tannsmíðafélagið hefur blómstrað á þeim þremur árum sem liðin eru frá sameiningu tveggja eldri félaga og Félag meistara og sveina í fataiðn hefur verið endurskipulagt og fengið nýtt nafn. Félög og félagsstarf þarf alltaf að vera í endurskoðun og formið má aldrei verða heilagt. Sum félög í iðnaðinum eru rekin í eins konar klúbbaformi sem léttir stjórnarstörfin verulega. Kannski ættu minni félögin í þjónustuiðnaði að huga að einhverju slíku.

Átaksverkefni Tískudagar iðnaðarins og Tískuteymi vöktu athygli og efluð mörg þeirra fyrirtækja sem þátt tóku. Viðskiptaáætlun um íslenska hönnunarverslun í Leifsstöð „Independent people“ var óbeint framhald þessara verkefna. Það hefur staðið í rúmt ár og hefur markað tímamót enda þótt verkefnið hafið ekki hlotið náð fyrir augum stjórnar flugstöðvarinnar. Áhugi er á því innan SI að vinna áfram með þeim hópi sem þar varð til, skilgreina fleiri verkefni á ferðamannamarkaði og gera, þegar þar að kemur, aðra atögu að stofnun íslenskrar hönnunarverslunar í Leifsstöð. Flugstöðvarmenn segjast sjálfir munu „gera íslenskri hönnun hátt undir höfði“ eins og þeir orða það og framtíðin leiðir í ljós hvort það reynist rétt.

Ég hef borið ábyrgð á starfsgreinahópi í þjónustuiðnaði í fjögur ár og það hefur verið lærdómsríkur tími. Ég hygg að enginn starfsmaður hjá SI annist jafn fjölbreyttan hóp með jafn fjölbætta hagsmuni. Faglegur metnaður í þessum hópi er mikill. Það er t.d. eftirminnilegt þegar fulltrúar allra iðn-


greina á hugarflugsfundi notuðu óafvitandi sama hugtakið til að lýsa markmiðum sínum. Það var hugtakið fagmennska.

Staða iðnréttindanna er fólk með faglegan metnað skiljanlega oft áhyggjuefni. Gildandi iðnlöggjöf er frá árinu 1978 og svarar að mörgu leyti ekki nútímakröfum. Í flestum greinum þjónustuiðnaðar eru uppi vandamál sem þessu tengjast en verða ekki leyst nema með endurskoðun laganna. Sú endurskoðun myndi krefjast nýrrar hugsunar um iðnréttindi sem að minni hyggu yrði öllum til góðs. Þá er meistaraskólinn og meistaránámið stöðugt til umræðu enda fátt mikilvægara en að kunna vel til verka í rekstrinum sjálfum. Þetta er hitamál í þjónustuiðnaðinum eins og reyndar menntamálin í heild. Fróðlegt verður að sjá hvaða tækifæri fylgja sameiningu fræðslumiðstöðva iðnaðarins í Iðunni.

Fyrirtækin í þjónustuiðnaði eru flest hver dæmigerð smáfyrirtæki. Það þarf hörku og útsjónarsemi til að láta allt ganga upp í rekstri þeirra og reynsla mín er sú að eigendurnir séu mjög áfjáðir í fræðslu og upplýsingar sem nýst geta til að bæta reksturinn. Það er spennandi framtíðarverkefni fyrir starfsgreinahóp í þjónustuiðnaði að vinna markvisst að þróunarverkefnum um rekstur smáfyrirtækja.

Ég þakka góð kynni og skemmtilegt samstarf.

Krístún Heimisdóttir
lögfræðingur





Tískuteymi SI með glæsilega sýningu í Garðabæ

Tískuteymi SI var með sérlega glæsilega sýningu á félagsfundi hjá Kvenfélagi Garðabæjar í október 2005 þar sem þau kynntu fyrir konum fagmennsku í tísku.


Tískuteymi SI var að þessu sinni skipað þeim Berglindi Magnúsdóttur, kjóla- og klæðskerameistara, Berglindi Ómarsdóttur klæðskera og kjólasveini, Höllu Bogadóttur gullsmíðameistara, Helga Guðmundssyni úrsmíðameistara, Guðrúnu Sverrisdóttur hárgreiðslumeistara, Nínu Kristjánsdóttur hársnyrtir, Önnu Maríu Jónsdóttur snyrtifræðingi og Eddu Hrönn Atladóttur framkvæmdastjóra.

Kynnir hópsins var Halla Bogadóttir og sagði hún í upphafi frá þjónustugreinunum innan Samtaka iðnaðarins. Því næst komu sýningardömunarnar sem voru bæði módel frá teyminu sem og félagskonur. Þær sýndu í senn fatnað, úr, skartgripur,



töskur, snyrtingu og förðun. Gengu þær um salinn þar sem konur gátu fengið að sjá módelin betur og spyrja um það sem þær voru að sýna. Um 100 konur voru á þessum fundi og er það mál kvenna að aldrei fyrr hafi þær séð jafn glæsilega sýningu.

Dagmar Elín Sigurðardóttir



Aukablað Samtaka iðnaðarins
1. tbl. 12. árg. Júní 2006
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmíðu: 09.06.2006
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Ljósmyndir: Jóhannes Long

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjórn: Kristrún Heimisdóttir, Brynjar Ragnarsson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Nýr stjórnarmaður Samtaka iðnaðarins



Anna María Jónsdóttir er fædd 5. september 1967. Hún stundaði almennt nám í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti en fór að því loknu í snyrtifræði og brautskráðist þaðan sem snyrtifræðingur árið 1988.

Anna María stundaði nám við Florida School of Massage 1993 og Berger Institute of Production Technology árið 1994 og lauk meistaraþrófi í snyrtifræði árið 2005. Árið 2000 stofnaði hún eigið fyrirtæki, Salon Ritz ehf., en seldi þann rekstur árið 2004 og stofnaði Snyrti- og nuddstofuna Laugar Spa ehf. í Laugahúsi í Laugardal.

Anna María hefur starfað að félagsmálum og setið í stjórn Félags íslenskra snyrtifræðinga síðastliðin 5 ár. Hún hefur gegnt formennsku í stjórn FÍSF undanfarin tvö ár.



Samtök iðnaðarins gáfu öllum aðildarfyrirtækjum sínum á handverks- og hönnunarsviði kost á að vera með í verkefninu auk þess sem fleiri fyrirtæki voru kölluð til. Unnið var hörðum og hér að ofan er landslið fyrirtækja í fatahönnun, skartgripum og gjafavöru samankomið í upphafi að undirbúningsvinnu sem stóð yfir á annað ár og skiluðu inn til flugstöðvarinnar viðskiptaáætlun um íslenska hönnunarverslun undir enska heitinu „Independent people“

Engin íslensk hönnunarverslun í Leifsstöð

Íslensk stjórnvöld stækka Flugstöð Leifs Eiríkssonar því búist er við að ferðamönnum, sem fara þar um, fjölgi mjög á næstu árum. Forval um verslunarrekstur í nýju rými var auglýst í byrjun árs 2005.

Samtök iðnaðarins skiluðu inn til flugstöðvarinnar viðskiptaáætlun um íslenska hönnunarverslun undir enska heitinu "Independent people" eða Sjálfstætt fólk. Gríðarleg undirbúningsvinna bjó að baki áætluninni og tókst að ná saman réttnefndu landsliði fyrirtækja í fatahönnun, skartgripum og gjafavöru. Það er ekki tilviljun því að gróska á þessu sviði hérlendis er geysileg og ímynd Íslands sem hönnunarlands á alþjóðavettvangi sterkari en áður hefur þekkt. Aðgangur að stærri markaði eins og þeim sem skapast mun í Flugstöð Leifs Eiríkssonar er einstakt viðskiptatækifæri fyrir íslenska hönnun.

Samtök iðnaðarins gáfu öllum aðildarfyrirtækjum sínum á handverks- og hönnunarsviði kost á að vera með í verkefninu auk þess sem fleiri fyrirtæki voru kölluð til. Unnið var hörðum höndum á annað ár.



Allir sem komið hafa að verkefninu á einhverju stigi eru sammála um styrk viðskiptaáætlunarinnar. Þar er nákvæm grein gerð fyrir skipulagi rekstrar, þjónustu- og verðstefnu auk þess sem

rekstraráætlun til fjögurra ára, frá 2006-2010 var reiknuð til enda. Þyngsti þátturinn í rekstri í flugstöð er einstaklega há húsaleiga en hópnnum hafði tekist að kljúfa þá hindrun með aðstoð sérfræðinga. Arkitektastofan Glám-Kím hannaði umhverfi fyrir verslunina og lykilkættir í endanlegri áætlun voru þessir:

- Skýrt mörkuð sameiginleg ímynd
- 15 öflug hönnunarfyrirtæki með í rekstrarfélaginu í upphafi
- Samtök iðnaðarins bakhjarl og kostuðu undirbúning
- Sterkur kjölfestufjórðing var fundinn
- Vönduð vinna byggð á viðskiptareynslu þekktara verslana í Reykjavík

Því miður reyndist hlutafélagið Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem er í eigu ríkisins, áhugalaus þegar upp var staðið. Það er mat Samtaka iðnaðarins að þar hafi engar skýrar viðskiptalegar forsendur legið til grundvallar heldur illa ígrunduð vantrú á tækifærum íslenskra hönnunarfyrirtækja. Tapið er flugstöðvarinnar sem allir landsmenn eiga og ábyrgðin þeirra sem þar ráða för. Mikill áhugi er að byggja áfram á því góða starfi sem unnið var undir hattinum „Independent People“ og meira en líklegt að sótt verði um aftur, næst þegar forval verður auglýst.





Á degi iðn- og starfsmenntunar

Iðnmennt stóð fyrir Íslandsmóti iðnnema en Mennt sá um skipulagningu og framkvæmd keppinnar.

Dagur iðn- og starfsmenntunar hefur það að markmiði að auka sýnileika iðn- og starfsmenntunar, bæta ímynd greinanna, kynna þær fyrir almenningi - ekki

síst fyrir ungu fólki, og vekja athygli á þeim tækifærum sem felast í námi og starfi í iðngreinum. Er þetta í annað skiptið sem Iðnmennt og Mennt taka höndum saman um að kynna íslenskar iðngreinar.



Augnablik til framtíðar

Vel heppnuð 80 ára afmælis dagskrá Ljósmyndarafélags Íslands

Ljósmyndarafélag Íslands fagnaði 80 ára afmæli sínu á Grand Hótel 13. og 14. maí síðastliðinn. Meðal annars var haldin fagstefna undir heitinu „Augnablik til framtíðar“. Á henni komu fram þekktir ljósmyndarar frá ýmsum löndum sem sýndu og sögðu frá myndum sínum. Erlendu ljósmyndararnir eru allir með ólíkar áherslur og stíl en þeir eru Pia Sön-ströð portrettljósmyndari frá Noregi, Michele Clement auglýsinga- og iðnaðarljósmyndari frá San Francisco í Bandaríkjunum og landi hennar Christopher Morris fréttaljósmyndari.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, heiðraði afmælishátíðina með nærveru sinni. Í tengslum við afmælið kom út vegleg bók með yfirlitsmyndum félagsmanna og veitti Ólafur henni viðtöku. Ólafur heiðraði einnig Jóhönnu Sigurjónsdóttur fyrir gott og langt starf sem ljósmyndari.

Á myndasýningu frá Hasselblad komu 20 íslenskir ljósmyndarar við sögu og voru myndirnar sýndar á breiðtjaldi. Þá var samstarfsverkefni Eimskipafélags Íslands og Ljósmyndarafélagsins um ljósmyndasamkeppni vegna dagatals Eimskips kynnt. Þá kynnti Iðnskólinn í Reykjavík nám í ljósmyndun og sölu- og þjónustuaðilar, s.s. Apple, Canon og Beco, kynntu myndavélar og tengdan búnað.



LJÓSMYNDARAFÉLAG
ÍSLANDS



Jóhanna Sigurjónsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands og Gunnar Leifur Jónsson formaður



Christopher Morris



Michele Clement



Pia Sönströð og Ketil



Nánari upplýsingar veita Gunnar Leifur Jónasson í síma 897 0644 og Lárus Karl Ingason í síma 893 5664.

Fagleg og lögleg

þjónusta í boði

Löggild menntun snyrtifræðinga tryggir þér fagmennsku í snyrtingu og förðun og rétta og örugga húðmeðferð. Þú finnur snyrtifræðinga í Félagi íslenskra snyrtifræðinga um land allt. Sjá nánar á Meistarinn.is.



Félag íslenskra
snyrtifræðinga

Ánægja með „Fagleg og lögleg“

Markaðsáttak Félags íslenskra snyrtifræðinga sem staðið hefur í vor virðist skila góðum árangri. Við fregnum af snyrtistofum að viðskipti séu góð og að mikið sé spurt um átakið. Svo virðist sem áttak af þessu tagi efla gæðavitund viðskiptavina, nú spyrja þeir út í menntun starfsfólksins og vilja vita fyrir hvað þeir eru að greiða. Þetta er mikilvægur áfangi fyrir snyrtifræðinga sem lengi afa átt við óvandaða samkeppni að etja og er athyglisvert fordæmi fyrir iðnaðarmenn í öðrum greinum.



Framtíðarsýn og stefnumótun í hársnyrtiiðn

Meistarafélag í hárgreiðslu hélt nýlega aðalfund sinn og heldur Jónína Snorradóttir áfram sem formaður. Jónína boðaði sitt lið í Borgarnes um miðjan maí þar sem Davíð Lúðvíksson hjá SI stýrði sólarhrings stefnumótunarvinnu. Fulltrúar úr Iðnskólanum tóku þátt ásamt félagsmönnum og umræðan var kraftmikil og margar góðar hugmyndir

settar fram. Nú stendur fyrir dyrum að forgangsraða þeim og smíða starfsáætlun félagsins fyrir næsta ár. Stefnumótun af þessu tagi hefur gefið gríðarlega góða raun hjá fjölmörgum félögum og hópum innan SI og ekki að efa að hið sama verði upp á teningnum hjá hárgreiðslufólki.



Unnið var í hópum að mótun stefnu í hársnyrtiiðn...



... og um kvöldið frumfluttu hóparnir með miklum tilþrifum framtíðarsýnina

Sameining tannsmiða til góðs

Um þessar mundir eru liðin þrjú ár frá því tvö félög tannsmiða sameinuðust í eitt með aðild að Samtökum iðnaðarins. Soffía Halldórsdóttir var ein af lykilmanneskjum í undirbúningi sameiningarinnar og hefur síðan gegn formennsku í félaginu, þar til nú að hún lét af störfum. Í hennar stað er tekin við Ríkharður Ríkharðsson. Tannsmiðafélag Íslands hefur markað sér starfs-

vettvang á þessum þremur árum. Meginviðburður ársins er Tannsmiðadagurinn þar sem fræðsludagskrá, skemmtun og vörukynningu er blandað saman. Að auki hefur félagið valið sér nýtt merki, sinnt hagsmunabaráttu af festu, gefið út myndarlegt fréttabréf og nú á vormánuðina birtist ný vefsíða félagsins.

Taxti III

kostnaðarlíkan

SI

Samtök iðnaðarins

Með fyrstu útgáfu kostnaðarlíkansins TAXTA í árslok 1999 var mætt þörf fyrirtækja innan SI á aðgengilegu forriti til að reikna útsölu og vélataxta eftir eigin rekstrarforsendum. Viðtökur voru mjög góðar og fram komu óskir um að halda áfram á sömu braut, þróa líkanið, laga að breyttum aðstæðum og nýta nýjungar tölvutækni á hverjum tíma til fulls.

Vorið 2001 gerðu SI samninga við Kerfisþróun ehf. um áframhaldandi þróun og nú er komin þriðja kynslóð líkansins undir heitinu TAXTI III sem forritaður er í Windows umhverfi.

Taxti III er þjálli í notkun og gefur notendum fleiri möguleika en fyrri útgáfur. Meðal annars hefur forritið verið þróað miðað við nýjustu stýrikerfi í Windows, útprentun er auðveldari en var og hægt er að flytja gögn yfir í t.d. Word og Excel til frekari úrvinnslu. Meðal nýjung má nefna að hægt er að reikna kostnað vegna einfaldra tilboða og aðgerða og töflur um launategndan kostnað hafa verið uppfærðar til samræmis við nýjustu kjarasamninga.

Samtök iðnaðarins vona að Taxti III hljóti jafngóðar viðtökur félagsmanna og fyrri útgáfur og komi þeim að góðu haldi í daglegum rekstri. Verðlagningu TAXTA hefur verið stillt í hóf nú sem áður og kostar hann kr. 12.450. Nánari upplýsingar um TAXTA eru veittar á skrifstofu SI.

Eyjólfur Bjarnason